

## YFIRFASTEIGNAMATSNEFD

Ár 1973, þriðjudaginn 13. mars, var kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefd eftirfarandi úrskurður í málínu nr. 21/1972, sem fjallar um skyldu Ferðaskrifstofu ríkisins til að greiða fasteignaskatt vegna afnota af húsnæði Húsmeðraskóla Suðurlands og Menntaskólans á Laugarvatni.

Næð bréfi, dags. 24. október 1972, hefur hreppsnefd Laugardalshrepps í Arnessýslu óskat eftir úrskurði Yfirlasteignamatsnefndar um, hvort Ferðaskrifstofu ríkisins sé skyldt að greiða fasteignaskatt í sveitarsjóð Laugardalshrepps vegna afnota af húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni og Húsmeðraskóla Suðurlands. Hefur Ferðaskrifstofa ríkisins mótmælt þessari gjaldskyldu, sbr. bréf, dags. 17. október 1972.

Málavextir virðast vera þeir, að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur haft afnot af ofangreindu skólahúsnæði í þágu hótelreksturs síns um 2 ½ mánaðar skeið á sumrum. Hefur hreppsnefd Laugardalshrepps krafist Ferðaskrifstofu ríkisins um fasteignaskatt vegna þessarra nota.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, á eigandi fasteignar að greiða fasteignaskatt af eigninni, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðaráfnot sé að ræða, en þá á ábúandi eða notandi að greiða skattinn. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, er Ferðaskrifstofa ríkisins hvorki eigandi þeirra mannvirkja, sem hér um ræðir, né leigutaki löðar. Brestu samkvæmt því lagahilmild til að krefja hana um fasteignaskatt af þessum fasteignum.

## Ú R S K U R D A R O R Ð

Ferðaskrifstofu ríkisins er óskyldt að svara fasteignaskatti af ofangreindu húsnæði Húsmeðraskóla Suðurlands og Menntaskólans á Laugarvatni.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgelrsson

Pálmi Jónsson